**Nd.** **346. Tillaga**

til þingsályktunar um sameining póststöðva og símstöðva.

Flutningsm.: Magnús Torfason og Tryggvi Þórhallsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka, að hve miklu leyti unt muni vera að sameina rekstur síma og pósts.

## Greinargerð.

Erlendis eru slík mál sameinuð, almenningi til hagræðis og til sparnaðar á mannahaldi. Er eigi ósennilegt, að þessu megi koma við hjer á landi, frekar en verið hefir.